S A F

Matarauður Íslands

Merkingar matvæla - skyldur veitingamanna, kröfur neytenda og helstu tækifæri

Aðalfundur SAF. Faghópur: Veitingastaðir

Hótel Sögu, 20. mars 2018

Oddný Anna Björnsdóttir

Sérfræðingur hjá Matarauði Íslands

Í starfshópi Neytendasamtakanna um matvæli, landbúnað og umhverfismál

Viðhorf

Matarauður Íslands



Ekki verið að íþyngja ykkur með meiri vinnu, meiri kröfum, fleiri reglugerðum og meira eftirliti

Heldur gefa ykkur tækifæri til að þjóna viðskiptavinum ykkar betur og uppfylla þarfir þeirra

Það er forsendan fyrir góðri og jákvæðri markaðssókn og ykkar að gripa tækifærið

Vinna með heiðarleika og siðferði að leiðarljósi

Upplýsa um innihald og uppruna þess sem er notað í réttina

Matarauður Íslands

Þróun á neytendamarkaði

Viðhorfskönnun 2014

Matarauður Íslands

Yfirgnæfandi meirihluti Íslendinga vill bættar upprunamerkingar matvæla

80% íslenskra neytenda töldu að það skipti miklu eða nokkru máli að upplýsingar um upprunaland sé getið á umbúðum matvæla árið 2014

Hefur aukist með árunum

www.upprunamerkingar.is

Neytendur

Matarauður Íslands

Upplýstari og kröfuharðari

Gæði frekar en magn

Borga meira fyrir betri matvæli

Uppruni og innihald

Minna kolefnisfótspor

Samfélagsleg ábyrgð

Matarupplifun

Eftirspurn

Hreint mataræði

Matvæli úr nærumhverfi

Beint frá býli / smáframleiðsla

Matarhandverk

Matvæli með sérstöðu

Lífrænt vottuð

Velferðar dýraafurðir

Vörur lausar við…

dýraafurðir, glúten, erfðabreytt…

Local Food

Animal Welfare APPROVED

VOTTAÐ LÍFRÆNT TÚN

EES-ESB vottun IS-1

BEINT FRÁ BÝLI FRÁ FYRSTU HENDI

FREE-FROM FREE FROM

Dýravelferð

Matarauður Íslands

ÚT

búr - stíur - erfðabreytt fóður

INN

lausaganga - meira rými - útivera - grasfóðrun

Velferðarvottun

Neysla án samviskubits

Matarauður Íslands

Könnun meðal alþjóðlegra neytenda

Staðhæfing: Ég hef samviskubit vegna þeirra áhrifa sem ég hef á umhverfið

Skalinn á bilinu 1-5

1 = mjög ósammála og 5 = mjög sammála

1/3 svöruðu 4 eða 5

Stöðugt samviskubit hefur neikvæð áhrif á andlega og líkamlega heilsu og þar með lífsgæði

Tækifæri: Framreiða og bjóða „guilt free“ máltíðir

Umhverfisvitund

Matarauður Íslands

Minnka vistsporið – kaupa úr nærumhverfi

Minni og umhverfisvænni umbúðir - helst engar

Draga úr sóun - nýta allt

Fjölnota í stað einnota

Umhverfis- og sjálfbærnivottanir

Matarauður Íslands

Upplýsingar um matvæli

Reglugerðir

Matarauður Íslands

Upplýsingareglugerðin

Reglugerð nr. 1294/2014 um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda innleiðir reglugerð ESB nr. 1169/2011

Fullyrðingareglugerðin

Reglugerð nr. 406/2010 um næringar- og heilsufullyrðingar er varða matvæli innleiðir reglugerð ESB nr. 1924/2006

Kröfur til seljenda óforpakkaðra matvæla

Matarauður Íslands

Neytandinn á rétt á öllum sömu upplýsingum og þegar um forpakkaða vöru er að ræða, nema um næringargildi

Skriflegar upplýsingar þarf um ofnæmis- og óþolsvalda, eða skriflegar upplýsingar um að starfsfólk veiti þær upplýsingar. Aðrar upplýsingar mega vera munnlegar

Allar upplýsingarnar verða alltaf að vera aðgengilegar og auðfengnar hjá starfsfólki eða á skiltum eða öðrum merkingum við eða á vörunni vel sýnileg þar sem kaup eru ákveðin

Reglugerð um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda nr. 1294/2014

Matarauður Íslands

6. gr.

Matvæli sem ekki eru forpökkuð.

Þegar matvæli eru seld án þess að vera forpökkuð, skal seljandi vörunnar geta veitt kaupanda upplýsingar um þau atriði sem eru tilgreind í a-b-liðum og d-k-liðum 1. tölul. 9. gr. og 10. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011. Upplýsingar sem tilgreindar eru í c-lið 1. tölul. 9. gr. reglugerðarinnar, sem seljanda er skylt að veita við markaðssetningu vörunnar, er heimilt að gefa upp á hvaða hátt sem er þ.m.t. munnlega. Ef upplýsingarnar eru gefnar munnlega verður seljandi að gefa það til kynna á sýnilegan hátt að starfsfólk veiti nánari upplýsingar s.s. með merkimiða, á matseðli eða á skilti þar sem neytandi velur matvælin.

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011

Matarauður Íslands

9. gr. Skrá yfir lögboðnar upplýsingar

1. Í samræmi við 10. til 35. gr. og með fyrirvara um undantekningarnar í þessum kafla skal tilgreining eftirfarandi upplýsinga vera lögboðin:

a) **heiti** matvælanna

b) skrá yfir **innihaldsefnin**

c) öll innihaldsefni eða hjálparefni við vinnslu sem skráð eru í **II. viðauka** eða afleidd af efni eða vöru sem skráð er í II. viðauka sem valda **ofnæmi eða óþoli** og eru notuð í framleiðslu eða tilreiðslu á tilteknum matvælum og eru enn til staðar í fullunnu afurðinni, þó að í breyttu formi sé

d) **magn** tiltekinna innihaldsefna eða flokka innihaldsefna

e) **nettómagn** matvælanna

f) **dagsetning** lágmarksgeymsluþols eða síðasti notkunardagur

g) sérstök **geymsluskilyrði** og/eða **notkunarskilyrði**

h) **nafn** eða **firmaheiti** og **heimilisfang** stjórnanda matvælafyrirtækisins sem um getur í 1. mgr. 8. gr.

i) **upprunaland** eða **upprunastaður** þegar kveðið er á um slíkt í **26. gr.**

j) **notkunarleiðbeiningar** þegar erfitt er að nota matvælin á réttan hátt án slíkra leiðbeininga

k) að því er varðar drykkjarvörur með meira en 1,2% alkóhólinnihald m.v. rúmmál: raunverulegur **alkóhólstyrkleiki** miðað við rúmmál

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011

Matarauður Íslands

II. VIÐAUKI EFNI EÐA VÖRUR SEM VALDA OFNÆMI EÐA ÓÞOLI

1. **Kornvörur** sem innihalda glúten, þ.e.: hveiti, rúgur, bygg, hafrar, spelt, taumhveiti (kamut) eða blendingar þeirra, og afurðir úr þeim, nema: a) glúkósasíróp unnið úr hveiti, þ.m.t. þrúgusykur (42), b) maltódextrín unnið úr hveiti (43), c) glúkósasíróp unnið úr byggi, d) kornvörur sem notaðar eru til að búa til áfengt eimi, þ.m.t. etanól úr landbúnaði
2. **Krabbadýr** og afurðir úr þeim
3. **Egg** og afurðir úr þeim
4. **Fiskur** og fiskafurðir, nema: a) fiskgelatín, notað sem burðarefni fyrir vítamín eða karótenóíðblöndur, b) fiskgelatín eða fiskilím, notað sem felliefni í bjór og léttvín
5. **Jarðhnetur** og afurðir úr þeim
6. **Sojabaunir** og afurðir úr þeim, nema: a) fullhreinsuð sojaolía og fita (44), b) náttúruleg, blönduð tókóferól (E306), náttúrulegt D-alfatókóferól, náttúrulegt D-alfatókóferólasetat, náttúrulegt D-alfatókóferólsúksínat úr sojabaunum, c) plöntusteról og plöntusterólesterar, unnir úr jurtaolíum sem upprunnar eru úr sojabaunum, d) plöntustanólester framleiddur úr plöntuolíusterólum úr sojabaunum
7. **Mjólk** og mjólkurafurðir (þ.m.t. laktósi), nema: a) mysa sem notuð er til að búa til áfengt eimi, þ.m.t. etanól úr landbúnaði, b) laktítól
8. **Hnetur**, þ.e.: möndlur (Amygdalus communis L.), heslihnetur (Corylus avellana), valhnetur (Juglans regia), kasjúhnetur (Anacardium occidentale), pekanhnetur (Carya illinoinensis (Wangenh.) K. Koch), parahnetur (Bertholletia excelsa), pistasíuhnetur (Pistacia vera), goðahnetur eða Queensland-hnetur (Macadamia ternifolia), og afurðir úr þeim, að undanteknum hnetum sem notaðar eru til að búa til áfeng eimi, þ.m.t. etanól úr landbúnaði
9. **Sellerí** og afurðir úr því
10. **Sinnep** og afurðir úr því
11. **Sesamfræ** og afurðir úr þeim
12. **Brennisteinsdíoxíð** og **súlfít** í styrk yfir 10 mg/kg eða 10 mg/lítra, gefið upp sem heildarstyrkur SO2, sem skal reikna fyrir vörur sem eru tilbúnar til neyslu eða endurgerðar með því að bæta vatni í þær samkvæmt leiðbeiningum framleiðendanna,
13. **Úlfabaunir** og afurðir úr þeim
14. **Lindýr** og afurðir úr þeim.

Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1169/2011

Matarauður Íslands



10. gr. Lögboðnar viðbótarupplýsingar fyrir tilteknar tegundir eða flokka matvæla

1. Auk þeirra upplýsinga sem skráðar eru í 1. mgr. 9. gr. er mælt fyrir um lögboðnar viðbótarupplýsingar fyrir tilteknar tegundir eða flokka matvæla í **III. viðauka** (bls. 35).

2. Til að sjá til þess að neytendur fái upplýsingar um tilteknar tegundir eða flokka matvæla og til að taka tillit til tæknilegra framfara, vísindalegrar þróunar, heilsuverndar neytenda eða öruggrar notkunar tiltekinna matvæla getur framkvæmdastjórnin breytt III. viðauka með framseldum gerðum í samræmi við 51. gr. Ef bráð nauðsyn krefur vegna alvarlegrar áhættu fyrir heilbrigði neytenda skal málsmeðferðin, sem kveðið er á um í 52. gr., gilda um framseldar gerðir sem eru samþykktar samkvæmt þessari grein.

Matarauður Íslands

Upprunamerkingar

Upprunamerkingar matvæla

Matarauður Íslands

Matjurtir

Samkvæmt 8. grein reglugerðar nr. 1294/2014 um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda skulu upplýsingar um upprunaland fylgja þeim fersku matjurtum, sem þar eru talin upp.

Nautgripakjöt

Samkvæmt II. bálki reglugerðar ESB nr. 1760/2000 sem innleidd var með reglugerð nr. 968/2011 skal merkja uppruna á kældu og frystu nautgripakjöti.

Leiðbeiningar um merkingu á uppruna nautakjöts

Kjöt af svínum, sauðfé, geitum og alifuglum

Reglugerð ESB nr. 1337/2013, sem innleidd var með reglugerð nr. 482/2017, mælir fyrir um reglur um tilgreiningu á upprunalandi eða upprunastað á merkimiðum á nýju, kældu og frystu kjöti af svínum, sauðfé eða geitum og alifuglum.

Leiðbeiningar um merkingu á uppruna kjöts af svínum, sauðfé, geitum og alifuglum

Upprunamerkingar matvæla

Matarauður Íslands

„Það á að vera hægt að rekja kjötstykki og hakk, kælt eða frosið, til baka til sláturhúss, og dýrs eða dýrahóps sem kjötið kemur af.

Þetta er til þess að hægt sé að rekja og innkalla kjötið ef upp koma mál sem varða öryggi eða heilnæmi matvæla.“

Upprunamerkingar matvæla

Matarauður Íslands

Villandi ef upplýsingar vantar

Samkvæmt lið 2.a í 26. grein reglugerðar ESB nr. 1169/2011, sem innleidd var með reglugerð nr. 1294/2014, skal merkja matvæli með upplýsingum um rétt upprunaland eða upprunastað ef skortur á slíkum upplýsingum gæti villt um fyrir neytendum hvað varðar uppruna matvælanna. Þetta á einkum við ef upplýsingar sem fylgja matvælunum eða merkingin í heild gefur í skyn að matvælin séu upprunnin í öðru landi eða á öðrum stað.

Ákvæðið snýst um hvort það sé villandi fyrir neytendur ef upplýsingar vantar. Það eitt að upplýsingar komi ekki fram getur ekki talist villandi. Ef rangur uppruni er gefinn í skyn t.d. með myndum eða fána þá er það villandi og merkja þarf hver uppruninn er.

Væntanlegar reglur, sem byggja á 26. grein í reglugerð ESB nr. 1169/2011: Þegar upprunaland eða upprunastaður matvæla er gefinn upp, en uppruni megininnihaldsefnisins er ekki sá sami. Þá skal einnig gefa upp upprunaland eða upprunastað megininnihaldsefnisins eða gefa upp að uppruni þess sé annar. Ákvæðið er ekki virkt fyrr en útfærsla á því verður birt í reglugerð.

Að öðru leyti er ekki skylt að merkja uppruna matvæla

Matarauður Íslands

Tækifæri

Matarauður Íslands

Frumkvæði - viðskiptavinurinn viti fyrirfram hvað hann er að fá - þurfi ekki að spyrja

- Þjónninn viti – þurfi ekki að fara inn í eldhús

Velgengni byggist á kokknum á bakvið – ástríðukokkar, fagmenn, allt á disknum 100% - vita hvaða hráefni er verið að vinna með – þeir staðir ganga af sjálfu sér

Veitingamenn draga vagninn - er varðar hvað lifir og hvað deyr

- Slow Food Chefs' Alliance – skuldbinda sig til að nota hráefni sem eiga erfitt uppdráttar

Uppruni og innihald hráefnis eða verð – hvort skiptir meira máli (gervirjómi)

Siðferði – meðvitund – betri og fleiri viðskiptavinir – það sem neytandinn vill fá

Tilbúnir að greiða hærra verð þegar innihaldið er í lagi að öllu leyti

Rekjanleiki - uppruninn skipti raunverulegu máli

Matarauður Íslands

Helstu verkefni

Matarauður Íslands

Beint frá býli – þarfagreining

REKO

Þjóðlegir réttir við þjóðveginn

Íþyngjandi regluverk

REKO á Íslandi

Matarauður Íslands

Í framhaldi af heimsókn ***Thomas Snellman*** sem er brautryðjandi í Finnlandi í að koma á milliliðalausum viðskiptum milli bænda/smáframleiðenda og neytenda í gegnum svokallaða REKO-hringi sem eru svæðisbundnir Facebook-hópar víðs vegar um Finnland:

- Sameiginleg REKO sölusíða fyrir hvert svæði
- Efla samvinnu svæðisbundinna smáframleiðanda með áherslu á vöruþróun og gæði
- Styrkja markvissa markaðssetningu innan svæða þannig að bæði ***kaupendur*** (neytendur, veitingamenn, kjötiðnaðarmenn, hótel, heildsalar) og ***seljendur*** (bændur, sjávarfang/fisksalar, smáframleiðendur) viti af og nýti sölusíðuna
- Skoða möguleikann á því að aðlaga ***regluverkið*** að slíkum viðskiptum eins og gert hefur verið í Finnlandi
- Umfjöllun í ***fjölmiðlum*** um REKO

http://www.bondi.is/frettir-og-tilkynningar/millilidalaus-vidskipti-med-matvorur---upptokur/2660

Matarauður Íslands

Að lokum

Líta á auknar upplýsingar sem tækifæri

Hafa frumkvæði að því að bjóða þær

Styrkir þá sem eru að gera vel og hafa ekkert að fela

Matarauður Íslands